



Bifreiðastjórafélagið Frami

Nefndasvið Alþingis
- samgöngunefnd -
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/169
komudagur 20.11.2001

Reykjavík 20.11.2001.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

2. tl. 5. gr.

Lagt er til, að málsgreinin verði svohljóðandi: “*Er skráður eigandi folksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður samkvæmt samningi við löggilt kaup- eða rekstrarleigufyrirtæki.*”

6. gr.

Síðustu setningu greinarinnar “*Endurnýja ber skirteinin á fimm ára fresti*” má samhengisins vegna misskilja svo, að átt sé við atvinnuleyfi öryrkja. Setningin sýnist því betur staðsett sem viðbót við 2. mgr..

7. gr.

Lagt er til, að heimild til þess að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi skv. þessari grein taki einungis til reksturs eðalvagnþjónustu en ekki til bifreiðastjóra, sem jafnframt eru fullgildir leiðsögumenn. Mundi þá málsgreinin enda á orðinu eðalvagnþjónustu.

9. gr.

Í núgildandi lögum um leigubifreiðar er svofellt ákvæði í lok 3. mgr. 7. greinar: “*Ráðherra getur með reglugerð ákveðið gjald fyrir veittar undanþágur.*” Þetta ákvæði hefur fallið niður í frumvarpinu. Undanþágur byggðar á gagnagrunni Vegagerðarinnar verða samkvæmt frumvarpinu afgreiddar af bifreiðastöðvunum og/eða bifreiðastjórafélagunum. Einhver tilkostnaður verður við afgreiðslu á þessum undanþágum. Innheimta þess þarf að hafa lagastoð og er því lagt til, að setningin verði tekin inn í 9. gr. og komi þar sem sérstök málsgrein á eftir 4. mgr.. Orðalag málsgreinarinnar væri nákvæmara þannig: *Ráðherra getur með reglugerð ákveðið gjald fyrir afgreiðslu á veittum undanþágum.*

Í 8. mgr. 9. gr. frumvarpsins er heimilað að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa. Brögð eru að misnotkun á heimild þessari, þegar um er að ræða dánarbú en ekki eftirlifandi maka. Því er lagt til, að stytta þriggja ára tímenn í þrjú mánuði, þegar um slík dánarbú er að ræða. Í

samræmi við það gæti málgreinin hljóðað svo: *Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst það fyrir aldurssakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði. Þegar maka er ekki til að dreifa er heimilt að leyfa dánarbúi að nýta atvinnuleyfi leyfishafa í allt að þrjú mánuði en þó ekki eftir lok búskipta.*

10. gr.

Í framkvæmd er hámarkstaxti á þjónustu leigubifreiða, sem byggist á matskenndu undanþáguákvæði 16. gr. laga um samkeppnismál nr. 8/1993. Talið er, að hagar viðskiptamanna leigubifreiða sé betur tryggður með hámarkstaxta á þjónustunni en frjálsri gjaldtöku. Er því lagt til að lögfesta, að taxtinn sem gildi hverju sinni sé hámarkstaxti. Fyrirsögn greinarinnar mundi þá breytast í: *Ökutaxti og gjaldmælar* og framan við greinina eins og hún er í framvarpinu þyrfi þá að koma: *Samkeppnisstofnun ákveður hámarkstaxta fyrir þjónustu leigubifreiða.*


12. gr.

Skv. frumvarpinu skal greiða 13.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er. Þessi gjaldtaka er væntanlega hugsuð sem megin tekjustofn Vegagerðarinnar fyrir umsýslu hennar varðandi leigubifreiðir. Á landinu eru um 700 atvinnuleyfi til leiguaksturs, þannig að þessi árlega gjaldtaka nemur 9.1 milljón króna og eru þá ótaldar aðrar tekjur Vegagerðarinnar skv. 12. gr.. Ljóst er, að megin kostnaður Vegagerðarinnar við málaflökkinn verður á fyrsta ári við gerð gagnagrunns og virðist fyrirbyggjandi útgjaldaáætlun miðuð við að greiða þann kostnað á því ári. Eðlilegra er hins vegar að dreifa þeim stofnkostnaði á fleiri ár og þykir raunhæft að leggja til, að umrætt gjald verði ekki hærra en kr. 10.000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. maí 1999 hafa forfallabílstjórar á leigubifreiðum á Reykjavíkursvæðinu farið á námskeið til undirbúnings starfinu. Ekki er talin þörf á að skylda menn til þess að tvítaka slík námskeið og þeir sem eru eldri í starfi hafa væntanlega öðlast fullnægjandi starfsreynslu, sem kæmi þá í stað námskeiðs. Er því lagt til, að 2. mgr. verði svohljóðandi: *Hinn 1. júlí 2002 skulu forfallabílstjórar, sem hófu akstur eftir 1. maí 1999 hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðum kosti falla leyfi þeirra niður.*

Virðingarfyllst,



Ástgeir Þorsteinsson
formaður